

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 132/179

komudagur 28.11.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Hlín Lilju Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

24. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110019

DRÖG Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, 132. löggjafarþing, þingskj. 5 - 5. mál.

Vísað er til bréfs Efnahags og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 7. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir að Fjármálaeftirlitið veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.


Tillagan felur m.a. í sér að Alþingi feli ríkisstjórnininni að grípa til eftirfarandi aðgerða: “Beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, svo sem hvað varðar áhrif af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanfögnu skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið og farið verði yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því sambandi.”.

Fjármálaeftirlitið vinnur stöðugt að því að fylgjast með hinum ýmsu áhættuþáttum sem tengjast starfsemi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. þeim áhættuþáttum sem vikið er að framangreindri þingsályktunartillögu. Hluti af eftirfylgni Fjármálaeftirlitsins er að leggja mat á áhættu og áhættustýringu einstakra fyrirtækja og meta áhrif mögulegra áfalla í einstökum áhættuþáttum á eiginfjárstöðu þeirra. Þá hefur Fjármálaeftirlitið heimildir samkvæmt núgildandi lögum til að ákveða hærra eiginfjárlutfall en hið almenna 8% lágmarkshlutfall fyrir einstök fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið gaf nýlega út ársskýrslu 2005 þar sem nánari grein er gerð fyrir starfseminni og stöðu og horfum á einstökum sviðum fjármálamarkaðar.

Með hliðsjón af framansögðu telur Fjármálaeftirlitið ekki nauðsynlegt að beint sé sérstaklega til eftirlitsins þeim tilmælum sem þingsályktunartillagan felur í sér. Að öðru leyti tekur Fjármálaeftirlitið ekki afstöðu til efnis þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Ragnar Hafliðason